

## Stjórnarfundur STEFs 3. mars 2022

### Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs fimmtudaginn 3. mars 2022 og hófst hann kl. 10:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Páll Ragnar Pálsson, Sigríður Thorlacius og Sigurður Flosason. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 19. janúar, svo og útdráttur úr fundargerð lögð fram og samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram, svo og meðfylgjandi skjöl:
  - a) Ákall *Samráðshóps tónlistariðnaðarins* vegna „eins metra reglunnar“.
  - b) Ný drög að endurnýjuðum samningi við RÚV
3. Skjalavarsla – Tilboð og verklýsing frá *Ráðhildi*.

Lögð var fram verklýsing og tilboð frá *Ráðhildi* fyrir aðstoð til að setja upp skjalastjórnunarkerfi. Í grófum dráttum felst vinnan í að byggja upp efnisflokkunarkerfi, ákveða síðan hvaða upplýsingakerfi á að nota og aðstoða við innleiðingu á nýju kerfi og verklagi. Að þessu loknu á eftir að fara í vinnu við að færa til gögn á S-drifi, en sú vinna er ekki hluti af verklýsingunni. Var samþykkt að ganga að tilboðinu.

4. Úthlutun á sérstöku framlagi stjórnvalda vegna tekjuhruns tónhöfunda.

Lögð voru fram drög að úthlutunarreglum sem höfðu verið send ráðuneytinu til samráðs. Stjórn STEFs samþykkti drögin fyrir sitt leyti, að öðru leyti en því að umsýslukostnaður STEFs fyrir tónleika skyldi í þessu sérstaka tilviki vera lækkaður úr 10% í 5%, þannig að stærri hluti fjárins færi til úthlutunar. Þá var óskað eftir því að útbúinn yrði útdráttur úr þessum reglum á einföldu máli sem hentaði til kynningar.

5. Boð um aðild að *Samtökum skapandi greina*.

Lagt var fram boð til STEFs um að ganga í *Samtök skapandi greina*. Bragi Valdimar, sem situr í undirbúningsstjórn samtakanna, kynnti samtökin stuttlega. Samtökin voru fyrst stofnuð fyrir u.þ.b. 10 árum, en hafa legið í nokkrum dvala. Þau hafa nú verið endurvakin með undirbúningsstjórn fram að aðalfundi. Samþykkt var að STEF myndi ganga í samtökin.

6. Kynjagreining STEFs 2021.

Lögð var fram ný kynjagreining STEFs. Sýnir hún að fjöldi kvenna á skrá hjá STEFi eykst örlítið með ári hverju og er nú 19,92%. Þá hefur aðild að skráðum verkum einnig aukist lítillega á milli ára og er nú

12,13% í heild, en á síðastliðnu ári áttu konur 16,21% skráðra verka. Úthlutun höfundaréttartekna jókst einnig á milli ára og er nú 10,47% til kvenna.

Kynjagreiningin sýnir einnig nú í fyrsta sinn fjölda kynsegin meðlima.

7. Endurskoðun úthlutunarreglna – í framhaldi af fulltrúaráðsfundi STEFs í desember.

- a. Drög að endurskoðuðum úthlutunarreglum (bæði hreint eintak og eintak sem sýnir breytingar lagt fram).
- b. Tillögur endurskoðunarnefndar varðandi flokkunarkerfi lagðar fram.

Málið var rætt og er vilji innan stjórnar til að láta reyna á hvort stjórn geti markað sér stefnu í málinu sem yrði í formi tillögu til fulltrúaráðs STEFs. Í þessu sambandi var einna mest rætt um þá leið að setja af stað nýjan sjóð sem hægt væri að sækja um styrki til pöntunar nýrra yfirgrípsmeiri eða viðameiri verka. Bæði TÍ og FTT eru að ræða málin innan sinna vébanda.

8. Tónlistarsjóður kirkjunnar og STEFs.

- a. Stofnskrá nýs sjóðs lagðar fram.
- b. Tilnefning í stjórn nýs *Tónlistarsjóðs kirkjunnar og STEFs* (og skipan skoðunarmanns fyrir sjóðinn).
- c. Stofnun sjóðsins á degi kirkjutónlistar þann 2. apríl.

Drög að stofnskrá nýs sjóðs voru samþykkt. Í ljósi þess að verið er að stofna nýjan sjóð sem verður með hámarkskjörtíma fulltrúa í stjórnar — og að núverandi fulltrúi STEFs í eldri sjóð hefur setið þar í 12 ár — var ákveðið að reyna að finna nýjan fulltrúa í stjórn sjóðsins. Nokkur nöfn voru nefnd til sögunnar og samþykkt af hálfu stjórnar. Var framkvæmdastjóra falið að ræða við viðkomandi um hvort eitthvert þeirra væri tilbúið til að taka sæti í stjórn sjóðsins. Þá var rætt um mögulegan skoðunarmann sjóðsins og samþykkt að byrja á því að leita til skoðunarmanna reikninga STEFs.

9. Stefnumótun STEFs, sem lögð var fram á síðasta fundi, lögð fram til samþykktar

Samþykkt var að vinna frekari stefnumótun á grundvelli þessa skjals.

10. Undirbúningur fulltrúaráðskosninga.

- a. Lagður fram listi yfir frambjóðendur

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir undirbúningi kosninga og þá sérstaklega samstarfi við fyrirtækið *Outcome*. Búið er að senda út einn fjöldapóst, þar sem allir á kjörskrá STEFs, voru beðnir um að láta vita hvort þeir vilji kjósa rafrænt. Í framboði eru 31 einstaklingur. Þar af eru sjö utan aðildarfélaga STEFs og sjö meðlimir TÍ, en aðrir eru meðlimir FTT. Allir núverandi stjórnarmenn gefa kost á sér í fulltrúaráðið.

11. Beiðni um samstarf og styrk vegna lagahöfundabúða *Iceland Sync*.

Lögð var fram beiðni um styrk frá *Iceland Sync* vegna lagahöfundabúða sem IS ætlar að standa að í ágúst 2022 í samstarfi við erlenda aðila. Gert er ráð fyrir að STEF geti auglýst eitt pláss, svo og að í tengslum við lagahöfundabúðirnar verði hægt að bjóða upp á fræðslu eða *masterclass*. Ákveðið var að veita styrk að fjárhæð kr. 200.000.

12. Starfskjör framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri vék af fundi á meðan mál þetta var afgreitt.

13. Önnur mál.

- Hallur óskaði eftir að ræða eitt mál undir þessum lið, en það er hvort hægt væri að betrubæta ferla innan STEFs hvað varðar mat á líkindum verka, þannig að hægt væri að ganga beint að tilteknum verkferli og ljóst væri hver greiddi kostnað af slíkri vinnu. Ákveðið var að skoða málið með matsmönnum STEFs á milli funda stjórnar.
- Ákveðið var að skoða hvort hægt væri að færa dagsetningu næsta stjórnarfundar um einn dag og að hann yrði haldinn þann 25. apríl.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:40.